STJÓRNARTÍÐINDI B 15 – 2002

Nr. 73 120 4. febrúar 2002

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með línu og fiskibotnvörpu á Digranesflaki.

1. gr.

Frá og með 5. febrúar 2002 eru allar veiðar með línu og fiskibotnvörpu óheimilar á Digranesflaki, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°23'00 N - 12°51'00 V
2. 66°11'00 N - 11°53'00 V
3. 66°08'00 N - 11°47'00 V
4. 66°03'00 N - 12°40'00 V
5. 66°14'00 N - 12°40'00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. febrúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 15, nr. 73. Útgáfudagur 4. febrúar 2002.

Gutenberg